

Alþingi
Erindi nr. P 136/484
komudagur 15.12.2008



Alþingi
Til Efnahags- og viðskiptanefndar
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2008

Tilv. 2008120087/0.2

Efni: Minnisblað um lögfestingu á álagningu ÁTVR.

Í framhaldi af nýlegum úrskurði Umboðsmanns Alþingis um álagningu ÁTVR á áfengi ákvað fjármálaráðuneytið að leggja fram frumvarp á Alþingi í þeim tilgangi að lögfesta álagningu ÁTVR, jafnt á áfengi sem tóbak. Rætur núverandi álagningar á áfengi má rekja allt aftur til ársbyrjunar 1996 þegar hún var ákveðin í kjölfar breytinga sem urðu á rekstri ÁTVR við EES samninginn. Þá voru áfengisskattar felldir út úr álagningu ÁTVR og innheimtir sem sérstakt vörugjald við innflutning. Um leið var sérstök álagning búin til fyrir verslunina til þess að standa straum af þeim kostnaði sem verslunin hefur af sölu áfengis. Á þessum tímapunkti var smásöluálagning á bjór ákveðin 13%, 13,95% á vín og 6,85% á sterka drykki. Hefur þessi álagning haldist í meginatriðum allar götur síðan. Heildsöluálagning ÁTVR á tóbak hefur tekið örari breytingum og er hún nú 18%.

Mikil umskipti hafa átt sér stað hvað varðar sölu á áfengi frá árinu 1996. Á því ári voru verslanir ÁTVR 24 talsins, þar af 7 á höfuðborgarsvæðinu. Nú eru þær 49, þar af 13 á höfuðborgarsvæðinu. Einnig hefur öll þjónusta við almenning gjörbreyst á þessum tíma. Fyrir utan fjölgun verslana hefur afgreiðslutími lengst til muna og vöruúrval aukist verulega. Á þeim tólf árum sem liðin eru frá ákvörðun smásöluálagningarinnar hefur því verið að myndast ákveðið misvægi milli rekstrarafkomu áfengissölu annars vegar og heildsölu tóbaks hins vegar. Fjármálaráðuneytið ákvarðar álagningu ÁTVR og að hálfu þess hefur ekki verið talin ástæða til endurskoðunar á núverandi fyrirkomulagi til þessa enda rekstrarafkoma ÁTVR ágæt á síðustu árum.


Stærstu hluti af starfsemi ÁTVR er vegna sölu á áfengi en sala á tóbaki er innan við fjórðungur af rekstrarkostnaði. Þrátt fyrir að heildarrekstur verslunarinnar hafi á undanförunum árum gengið vel hefur verið tap af sölu áfengis, sem er meginstarfsemi ÁTVR. Hagnaður undanfarinna ára er að mestu tilkominn vegna sölu á tóbaki. Við þær breyttu aðstæður sem sem nú eru uppi og að teknu tilliti til úrskurðar umboðsmanns er talið rétt að taka skref í þá átt að lagfæra misvægið með því að hækka smásöluálagningu á áfengi í kjarnasölu frá því sem verið hefur, eða um 4-5 prósentustig.

ÁTVR

Stuðlahálsi 2
110 Reykjavík
S. 560 7700
vinbudin.is

Mikilvægt er að hafa í huga að um leið er verið að einfalda álagningarreglur ÁTVR og jafna mun á reynsluvörum og kjarnavörum. Nú er álagning ÁTVR á bjór og léttvín í kjarna 13% og 19% í reynslusölu og álag á sterkt áfengi í kjarna 6,85% og 9,85% í reynslusölu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sama álagningarprósenta verði á reynslu- og kjarnavörum. Það þýðir að auðveldara verður fyrir birgja að koma nýjum og ódýrum vörum í sölu og breytingin auðveldar einnig nýjum birgjum að koma á markaðinn. Það getur aukið samkeppnina og lækkað vöruverðið. Bjór og léttvín í reynslusölu munu lækka um 1,0% að meðaltali við breytinguna. Hækkun á álagingu ÁTVR kemur sér einnig vel fyrir aðila í veitingahúsageiranum og ferðaþjónustu því verðmunur minnkar. Einnig eykst svigrúm birgja við verðlagningu á vörum sínum til þessara aðila.

Með kveðju,
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins



Ívar J. Arndal